

Auglýsing um náttúruvætti.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] að tillögu bæjarstjórnar Kópavogs í samráði við náttúruverndarnefnd og skipulagsnefnd kaupstaðarins fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa landssvæðið Borgir í Kópavogskaupstað sem náttúruvætti.

Um mörk svæðisins gilda eftirfarandi ákvæði:

Mörk friðlýsta svæðisins fylgja jaðri Borga að sunnan. Að vestan liggja mörkin 10-15 m frá lóðarmörkum aðliggjandi húsa, en 205 m frá þeim að norðan og norðaustan. Að austan fylgja mörkin jaðri Borga að því undanskildu að utan markanna er um 25 m breið spilda inn að kirkjunni og um 15 m breið landræma umhverfis hana.

Umhverfis friðlýsta svæðið afmarkast svonefnt jaðarsvæði. Ytri mörk þess liggja 10-15 m utan við mörk friðlýsta svæðisins að austan og sunnan, en að vestan og norðan eru mörk þess jafnframt lóðamörk.

Mörk friðlýsta svæðisins annars vegar og jaðarsvæðisins hins vegar, svo og útmörk jaðarsvæðisins, fylgja hnitapunktum samkvæmt hnitaskrá sem fylgir með í viðauka, sbr. einnig kort bæjarverkfræðingsins í Kópavogi nr. 31-3/L-1, apríl 1981, og eru beinar markalínur milli hnitapunkta, með þeirri undantekningu að á milli punkta 154-155 eru mörkin hringbogi með radíus 115.0 m með miðju í þríhyrningspunkti 3409.

Um hið friðlýsta svæði gilda eftirfarandi reglur:

1. Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins eftir föngum. Hvers konar rask, er breytt getur útliti þess, er óheimilt nema til komi samþykki [Umhverfisstofnunar].
2. Umferð gangandi fólks er heimil um svæðið. Þá er heimilt, að höfðu samráði við náttúruverndarnefnd og skipulagsnefnd, að leggja gangstíga um svæðið og koma fyrir öðrum búnaði, svo sem bekkjum, í þágu útivistar á svæðinu. Hreyfihömluðu fólki skal gert kleift að njóta útivistar á svæðinu.
3. Öllum er skylt að ganga vel um hið friðlýsta svæði.

Skylt er að hafa samráð við náttúruverndarnefnd Kópavogs um framkvæmdir og viðhald mannvirkja á jaðarsvæðinu.

Náttúruverndarnefnd Kópavogs hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsinga í umboði [Umhverfisstofnunar] og bæjaryfirvalda.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 7. maí 1981.

Ingvar Gíslason

Birgir Thorlacius